

**Brjef stjórnarráðsins til biskups um afnám prestmötukvaðar 36**  
**á jörðinni Stóra-Vatnshorni.**

14. mars

Samkvæmt þegnlegri tillögu stjórnarráðsins hefir Hans hátign konunginum 15. f. m. allramildilegast þóknast að veita allrahæst samþykki sitt til þess að prestmötukvöð sú, 60 pd. af smjöri til sóknarprestsins í Suður-Dalabingum, er hvíllir á jörðinni Stóra-Vatnshorni í Haukadalshreppi í Dalasýslu, verði afnumin innan 5 ára gegn 850 kr. endurgjaldi, með því skilyrði, að fje þetta ávaxtist undir umsjón biskups sem óskerðanlegur höfuðstóll, er sje eign prestakallsins, og að beneficiarius njóti vaxtanna að frádregnum 2 kr., sem árlega skal leggja við höfuðstólinn.

Þetta er yður, háæruverðugi herra, hjermeð til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til frekari aðgerða, að því viðbættu, að verði höfuðstólnum varið til að kaupa fyrir veðdeildarbrjef í Landsbankanum, skulu brjefin send hiñgað, til þess að ritað verði á þau ákvæði um að eigi megi afhenda þau.

**Brjef stjórnarráðsins til bæjarfógetans á Akureyri um kæru útaf 37**  
**kosningu til bæjarstjórnar í nefndum kaupstað.**

21. mars

Með brjefi yðar, herra bæjarfógeti, dags. 18. f. m., hefir hingað borist erindi frá þrem kjósendum á Akureyri, þar sem þeir áfrýja til stjórnarráðsins úrskurði bæjarstjórnarinnar í nefndum kaupstað, dags. 19. jan. þ. á, er staðfestir kosning þá á bæjarfulltrúum, sem fram fór 3. janúar þ. á. Brjefi yðar fylgdi einnig umsögn kjörstjórnar og bæjarstjórnar. Tildrögin til kærunnar yfir kosningunni eru þessi.

Fyrir kosninguna auglýsti kjörstjórnin, að lista ætti að afhenda fyrir hádegi 31. desbr. f. á. Einn af listunum var ekki afhentur fyr en kl. 4½ nefndan dag. Kjörstjórnin ákvað að taka lista þennan gildan ef engin mótmæli kæmu á móti honum og nefndi hann D-listann; var hann auglýstur á götum bæjarins ásamt hinum öðrum listum, sem kjósa átti um. Þegar á kjörfund kemur mótmælir einn kjósandi þessum lista vegna þess að hann hafi verið afhentur of seint. Kjörstjórnin úrskurðar þá, að D-listinn skuli feldur frá kosningu af þessari ástæðu og ljet kosninguna fara fram um hina listana, sem voru þrír og nefndir A, B og C. Kærendurnir telja D-listanum ólöglega hrundið og krefjast þess, að kosningarnar sjeu fyrir þá sök úr gildi feldar.

Ákvæðin í 2. gr. bæjarstjórnarkosningalaganna 10. nóvbr. 1903, að listar skuli afhentir oddvita kjörstjórnar »fyrir hádegi tveim sólarhringum á undan kosningu« geta eftir máltísku vel skilist svo, að listarnir skuli vera afhentir tveim sólarhringum fyrir kosningu, og þá fyrir hádegi þann dag, þ. e. fyrir það hádegi, sem er næst því að vera tveim sólarhringum fyrir kosning, enda hefir það verið tíðast, að kosningar fari fram á hádegi. Á orðalagi dönsku þýðingarinnar er ekkert að byggja. Það er orðrjett eins og í danska lagafrumvarpinu, sem íslenska